

Nd.

205. Frumvarp til laga

[119. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram 43 millj. kr. á árinu 1964, er verja skal til framleiðni-aukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar setur.

2. gr.

Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir eru út á því ári. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara fram eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Úthlutun af fé þessu er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Á árinu 1964 er heimilt að greiða úr ríkissjóði til fiskileitar í þágu togara allt að 4 millj. kr. umfram þá fjárhæð, sem kann að verða greidd í þessu skyni samkvæmt 7. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964.

3. gr.

Frá 1. febrúar 1964 skal útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 vera sem hér segir:

1. Af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, af skreið, freðfiski, frystum rækjum, hrognum og humar, svo og af frystum fiskúrgangi til skepnufóðurs, 4.2% af fob-verði.
2. Af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum 2% af fob-verði.
3. Af öðrum sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) öðrum en þeim, er um ræðir í 1. og 2. tölulið þessarar málsgr., 6% af fob-verði.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir fyrirmæli 1. og 2. töluliðs 1. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Frá 1. febrúar 1964 skulu útflytjendur afurða þeirra, er um ræðir í 1. og 3. tölulið 1. málsgr., greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim, um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda tollyfirvöldum ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir $\frac{2}{3}$ hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum frá 1. febrúar 1964 skal ráðstafað þannig: Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar setur, 73.4%, til Fiskveiðasjóðs Íslands 17.2%, til Fiskimálasjóðs 5.9%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 1.53%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.17% og til Landssambands íslenskra útvegsmanna 0.8%.

4. gr.

Til viðbótar framlagi til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laga nr. 40/1955 (sbr. 9. tölulið 16. gr. B í fjárlögum fyrir árið 1964), greiðir ríkissjóður honum frá 1. febrúar 1964 árlega fjárupphæð, sem er jafnhá tekjum sjóðsins af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sbr. 4. málsgr. 3. gr.

5. gr.

Söluskattur samkvæmt II. kafla laga nr. 10/1960, um söluskatt, skal frá 1. febrúar 1964 nema 5% af andvirði seldrar vöru og hvers konar verðmætis, eftir því sem nánar er ákveðið í téðum lögum.

Við framtal til söluskatts fyrir fyrsta ársfjórðung 1964 skulu framteljendur skila tveimur framtalskýrslum, annarri fyrir janúar og hinni fyrir febrúar og marz. Skattfyrirvöld geta krafizt þess, að söluskattsskyldir aðilar láti í té hvers konar upplýsingar varðandi skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal má til samanburðar, ef ástæða þykir til, krefjast hliðstæðra upplýsinga um skiptingu viðskipta á fyrsta ársfjórðungi 1963.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 5% söluskatt frá og með 1. febrúar 1964. Þó skal innheimta 3% söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. febrúar 1964 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. febrúar 1964.

Fyrirmæli 3. málgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. febrúar 1964 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 22. gr. tollskrárlaga, nr. 7/1963), enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

Fyrirmæli 2. málgr. 1. gr. laga nr. 10/1960 taka ekki til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málgr. þessarar gr., sbr. a-lið 16. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

6. gr.

Ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt, er heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

- a. Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
- b. Fyrirmæli 4. málgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi renni til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, skulu halda gildi sínu til 1. febrúar 1964, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1962.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við lausn kjaradeilunnar í desembermánuði s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því, að ráðstafanir skyldu gerðar til þess að bæta hraðfrystihúsunum með einum eða öðrum hætti þá 15% kauphækkun, sem um var samið. Þetta frumvarp er fram borið til þess að efna þetta fyrirheit. Jafnframt felur það í sér ráðstafanir vegna sérstakra erfiðleika togaraútgerðarinnar.

Samkvæmt útreikningum Fiskifélags Íslands nemur aukning útgjalda hraðfrystihúsanna vegna 15% kauphækkunarinnar sem svarar 5.2% af framleiðsluverð-

mæti húsanna. Miðað við 1200 millj. kr. árlega framleiðslu frystihúsanna, sem er áætluð framleiðsla þeirra árið 1963, er hér um að ræða 62 millj. kr. upphæð. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem nú er 6%, verði lækkað í 4.2% af freðfiski, saltfiski og skreið. Jafngildir þetta 19 millj. kr. fyrir hraðfrystihúsin, og enn fremur 11 millj. kr. fyrir framleiðendur saltfisks og skreiðar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að ríkissjóður leggi á árinu 1964 fram 43 millj. kr. til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Eru þetta samtals 73 millj. kr., en af þeirri upphæð mundu 62 millj. kr. ganga til hraðfrystihúsanna, og 11 millj. kr. til framleiðenda saltfisks og skreiðar.

Í lok ársins 1962 skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd til að rannsaka hag og afkomuhorfur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um rekstur togaranna í framtíðinni. Í nefnd þessari áttu sæti þeir Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Jónas Jónsson framkvæmdastjóri og Svavar Pálsson endurskoðandi, og skilaði nefndin álit í nóvembermánuði s. l. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að togaraútgerðin væri rekin með miklum og vaxandi halla. Stafaði þessi halli fyrst og fremst af tvennu. Annars vegar af slæmum aflabrögðum, sem ekki sízt ættu rætur sínar að rekja til þess, að togararnir hefðu ekki lengur aðgang að mörgum þeim veiðisvæðum, sem áður voru þeim drýgst. Hins vegar væri vinnufyrirkomulag um borð í skipunum ekki lengur í samræmi við þær aðstæður, sem ráðandi væru í togaraútgerðinni. Nefndin taldi, að við núverandi aðstæður skorti ekki minna en 3 millj. kr. til þess, að togari af nýsköpunargerð væri rekinn með skaplegum hætti, og virðist sá útreikningur ekki verða véfengdur með rökum. Sé gert ráð fyrir, að greiðsla tryggingariðgjalds og greiðslur til togará úr Aflatryggingasjóði haldi áfram með líkum hætti og verið hefur, fæst um 1½ millj. kr. á hvert skip. Þarf þá enn að sjá togurunum fyrir um það bil 1½ millj. kr. á skip, og er gert ráð fyrir, að sú upphæð fáiast með þeirri sérstöku greiðslu til Aflatryggingasjóðs, sem þetta frumvarp felur í sér og ætlunin er, að úthlutað sé til togaranna miðað við úthaldstíma.

Þá lagði nefnd sú, er rannsakaði afkomu togaranna, það til, að ráðstafanir væru gerðar til að halda uppi samfelldri fiskileit og leiðbeiningarstarfsemi á veiðum fyrir togarana, og að til þess væri varið 6 millj. kr. á árinu 1964. Hluti þeirrar upphæðar er innifalinn í fjárveitingu í fjárlögum, og gerir þetta frumvarp ráð fyrir, að 4 millj. kr. til viðbótar sé varið í þessu skyni.

Vegna þeirrar lækkunar, sem samkvæmt þessu frumvarpi verður á tekjum af útflutningsgjaldi, er nauðsynlegt, að ríkissjóður taki að sér að greiða hluta þess fjár, sem nú fæst af því gjaldi. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að ríkissjóður taki að sér helming þeirrar upphæðar, sem hingað til hefur runnið af útflutningsgjaldi til Fiskveiðasjóðs Íslands, og er það nokkurn veginn sama upphæð og lækkun útflutningsgjaldsins nemur. Mundi þá svipað fyrirkomulag verða á greiðslum til Fiskveiðasjóðs og nú gildir um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Þau útgjöld, sem ákvæði þessa frumvarps skapa ríkissjóði, eru samtals um 128 millj. kr. á árinu 1964. Þar að auki munu greiðslur ríkissjóðs til almannatrygginga hækka um 27 millj. kr. til samræmis við þá almennu kauphækkun, sem varð í desembermánuði. Um þetta hefur verið lagt fram sérstakt frumvarp, og verður að taka tillit til þessarar upphæðar, þegar lögð eru drög að nauðsynlegri fjáröflun. Þá var í fjárlögum ársins 1964 gert ráð fyrir lækkun niðurgreiðslna um 55 millj. kr. Þessa lækkun telur ríkisstjórnin hins vegar ekki rétt að framkvæma að svo stöddu. Verður því að gera ráð fyrir, að ákvæði þessa frumvarps, hækkun greiðslna til almannatrygginga og frestun á lækkun niðurgreiðslna muni valda ríkissjóði auknum útgjöldum umfram áætlun fjárlaga, er nemi 210 millj. kr.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að tekna til þess að standa straum af hinum auknu útgjöldum verði aflað með hækkun söluskatts úr 3% í 5%. Hækkunin mundi að öllu leyti renna til ríkissjóðs. Þar sem hækkun skattsins verður ekki í gildi allt árið 1964, verða tekjur af henni nokkru minni en svarar hlutfallslega til núgildandi söluskatts, og má áætla þær um það bil 210 millj. kr. á árinu 1964. Þá telur

rikisstjórnin rétt, að henni sé veitt heimild til þess að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins og greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum ársins 1964, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkissjóðs gerir það nauðsynlegt.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að ríkissjóður leggi á árinu 1964 fram 43 millj. kr. til hraðfrystiðnaðarins til framleiðni aukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks. Hraðfrystihúsin þurfa stöðugt að endurbæta rekstur sinn, og er eðlilegt, að hlutast sé til um, að beinum framlögum ríkisins sé varið í því skyni, enda er þar um óhjákvæmilegan kostnað að ræða. Gert er ráð fyrir, að framlag þetta sé bundið við árið 1964, og að Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthluti fénu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbankann og Útvegsbankann, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðgjafar settu. — Hér vísast að öðru leyli til inngangs almennu athugasemda að framan.

Um 2. gr.

Í almennu athugasemdunum hér að framan er gerð grein fyrir þeim stuðningi við togaraútgerðina, sem kveðið er á um í þessari grein, og vísast til þess. Rétt þykir, að þessar aðgerðir til hagsbóta fyrir togarana verði tengdar skuldamálum þeirra, og er því í 2. gr. ákvæði um, að fjáruhlutun til togara samkvæmt greininni sé bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

Ákvæði 2. málgr. 2. gr. þarfnast ekki skýringa hér, þar sem um þau er fjallað í almennu athugasemdunum að framan.

Um 3. gr.

Í 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 80/1961, sem gefin voru út sem lög nr. 28/1962, eftir að Alþingi hafði samþykkt þau, var svo fyrir mælt, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skyldi nema 6% af fob-verði afurða. Þó skyldi það nema 2% af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum. Hefur svo verið síðan 4. ágúst 1961. Nú er skv. 1. málgr. 3. gr. frv. lagt til, að útflutningsgjald af freðfiski, frystum rækjum, hrognum, humar og fiskúrgangi, af saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum og hrognum, svo og af skreið lækki úr 6% í 4.2%. Útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum á samkvæmt ákvæðum 3. gr. að haldast óbreytt, 2% af niðursoðnum sjávarafurðum og afurðum frá selveiðum og 6% af öllum öðrum sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega tilteknar.

Fyrirmæli 2. og 3. málgr. 3. gr. hafa gilt síðan 4. ágúst 1961, sjá 7. gr. í bráðabirgðalögum nr. 80/1961 og í lögum nr. 28/1962. Eru þau tekin upp í frv. samhengisins vegna.

Í 4. málgr. 3. gr. er gert ráð fyrir annarri skiptingu tekna af útflutningsgjaldi en gilt hefur frá ágústbyrjun 1961, sbr. 4. málgr. 3. gr. í bráðabirgðalögum nr. 80/1961 og í lögum nr. 28/1962. Í hinum nýju hundraðstölum skiptingar þessara tekna felst þó það eitt, að tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi eiga samkvæmt frv. að lækka um helming. Aðrir, sem hér eiga hlut að, eiga að halda sömu tekjum af útflutningsgjaldi og þeir hefðu fengið að öllu óbreyttu, og eru hundraðstölur umreiknaðar til samræmis við það. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður bæti Fiskveiðasjóði þennan tekjumissi með því að greiða honum framvegis árlegt framlag, sem er jafnhátt tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldi, sbr. 4. gr. frv.

Um 4. gr.

Hér vísast til athugasemda við 4. málgr. 3. gr.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. 5. gr. er kveðið svo á, að hinn almenni söluskattur á innlendum viðskiptum samkvæmt II. kafla söluskattslaga, nr. 10/1960, skuli hækka úr 3% í 5% frá 1. febrúar 1964.

Þar eð hækkun sú á söluskatti, er um ræðir í 1. málsgr., á sér ekki stað frá byrjun ársfjórðungs, er vegna álagningar skattsins óhjákvæmilegt að mæla svo fyrir — eins og gert er í 2. málsgr. 5. gr. — að framteljendur skuli láta í té tvær framtalsskýrslur fyrir 1. ársfjórðung 1964, aðra fyrir janúar og hina fyrir febrúar og marz. Hins vegar er gert ráð fyrir, að framtalsskýrsla fyrir janúar 1964 verði ekki látin í té fyrr en skila ber skýrslu fyrir febrúar og marz 1964.

Fyrirmæli 3. og 4. málsgr. eru í samræmi við venju, sem fylgt hefur verið um alllangt skeið, þegar hækkuð hafa verið gjöld á innfluttum vörum. Má í því sambandi vísa til 5. málsgr. 40. gr. tollskrárlaga, 4. og 5. málsgr. 5. gr. laga nr. 28/1962, 3. og 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, og 37. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.

Hækkun söluskattsins á ekki að hafa áhrif á tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af honum, og því er í 5. málsgr. 5. gr. kveðið svo á, að fyrirmæli 2. málsgr. 1. gr. söluskattslaga, nr. 10/1960, um að 20% söluskattsins skuli renna til Jöfnunarsjóðs, skuli ekki taka til þeirrar hækkunar söluskatts, sem ákveðin er í 1. málsgr. 5. gr.

Um 6. gr.

Hér visast til skýringa í niðurlagi almennra athugasemda hér að framan.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Ákvæði a-liðs um, að heimilt sé að ákveða, að bætur úr Aflatryggingasjóði til togara vegna aflabrests 1963 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, eiga að gilda þar til nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á lögum nr. 77/1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, varðandi tilhögun bóta úr togaradeild sjóðsins.

Með ákvæðum b-liðs eru fyrirmæli 4. málsgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 um, að 62% tekna af útflutningsgjaldi skuli ganga til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa, framlengd til 1. febrúar 1964. Þarf að setja þetta bráðabirgðaákvæði til þess að brúa bilið frá 31. desember 1963 til 1. febrúar 1964, sbr. lög nr. 98/1962.